

VIÐS2FJ05

Kennsluáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Viðfangsefni:

Fjárhagsáætlanir, sparnaðarleiðir, ávöxtun, nafnvextir, raunvextir, verðtrygging, núvirði, ávöxtunarkrafa, innri vextir, framtíðarvirði, greiðsluraðir, skuldabréf og mismunandi greiðsluform þeirra, vísitölur, gengisútreikningar á gjaldmiðlum, mat á tilboðum/fjárfestingavalkostum, hlutabréf, markaðsverðbréf.

Markmið:

- geti útskýrt helstu vaxtahugtök
- geti reiknað út vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls, vaxtaþrósentu og tíma í einföldum og samsettum vaxtareikningi
- þekki til mismunandi sparnaðarleiða einstaklinga
- þekki helstu tegundir skuldabréfa og geti reiknað út greiðslur tengdar þeim
- þekki til helstu lánavalkosta sem einstaklingar standa frammi fyrir ásamt kostnaði og ábyrgð sem fylgir því að taka lán
- þekki til útreiknings á vísitölum og hagnýtra nota af þeim
- þekki til helstu aðferða við verðtryggingu og geti reiknað út greiðslur af verðtrygðum skuldabréfum
- geti reiknað út greiðslur, núvirði og framtíðarvirði greiðsluraða
- geti reiknað út ávöxtun og greint á milli nafnávöxtunar og raunávöxtunar
- geti reiknað út breytingar á gengi og verði gjaldmiðla
- geti reiknað út hagkvæmustu fjárfestingavalkosti/tilboð með hjálp núvirðisreikninga
- geti skilgreint hvað er hlutabréf og í hvaða formi hluthafar geti vænst ávöxtunar af hlutabréfaeign sinni
- þekki til helstu markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- þekki til hugbúnaðar sem nýtist vel til útreikninga á sviði fjármála.

Kennslugögn:

Farsæl skref í fjármálum(Gunnar Baldvinsson)

Verslunarreikningur (Helmut Hinrichsen)

Glósur og efni frá kennara

Ljósrit og ítarefni

Námsmat:***Áfanginn er símatsáfangi***

Lotupróf 45 %

Verkefni 45%

Hlutabréfaverkefni 10%

Þrjú lotupróf verða á önninni og er skylda að taka þau öll. Heima- og skilaverkefni gilda samtals 55%. Þar af gildir lokaverkefni 15% og Hlutabréfaverkefni 10%.(Hlutabréfaverkefni er verkefni sem nemendur vinna alla önnina).

Áætlun um yfirferð: (ath. Vikur miðast við vikutalningu í Innu)

Lota:	Vika:	Efni:
1	3.-6.vika	Fjármál alla ævi
		Verkfærakista heimilanna
		Prósentureikningur
2	7.-12.vika	Sparnaður og fjárfestingar
		Lán og skuldir
		Vaxtareikningur
		Vaxtavextir
3	13.-19.vika	Stórar fjárhagslegar ákvarðanir
		Erlendur gjaldeyrir
		Lokaverkefni

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

13. janúar 2025

Kennari: Ægir Sigurðsson